111 *Athugasemdir:*

Landsbankinn átti 30. septbr. 1895

1.	Skuldabrjef fyrir lánum:		
	a. Fasteignarveðskuldabrjef	745,222 09	
	b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabrjef . . .	200,065 49	
	c. Handveðslán	61,504 52	
	d Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl. .	32,630 21	
	e. Skuldabrjef fyrir accreditivláni	350 00	1,039,772 31
2.	kgl. ríkisskuldabrjef og önnur erlend verðbrjef, hljóðandi upp á samtals 356,600 kr. eptir gangverði 31. desbr. 1894 . .		360,166 00
3.	Skuldabrjef Reykjavíkurkaupstaðar		1,400 00
4.	Óinnleysta víxla		197,747 46
5.	Óinnleystar ávísanir		3,660 00
6.	Fasteignir lagðar bankanum út fyrir lánum		2,500 00
7.	Hjá Landmandsbankanum		65,206 63
8.	Í sjóði		42,643 67
		Samtals:	1,713,096 07

Seðlaskuld bankans til landssjóðs var 30. sept. þ. á. . .	500,000 00
Skuld út af bráðabirgðaláni	40,000 00
Innstæðufje á hlaupareikning s. d.	142,920 37
Innstæðufje með sparisjóðskjörum s. d.	829,438 96
Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur s. d.	12,732 80
Varasjóður bankans 31. desbr. 1894	141,104 90
Innheimt fje fyrir aðra óútborgað	5,085 42
Ýmsar tekjur sem enn eru eigi lagðar við varasjóð . .	41,813 62
Samtals:	1,713,096 07

Landsbankinn, Reykjavík 24. oktbr. 1895.

Tryggvi Gunnarsson. B. Kristjánsson. Eiríkur Briem.

112 9. sept. **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um skaðabætur fyrir bið farþega á viðkomustöðum strandferðaskips.** — Út af erindi því, er þjer, herra landshöfðingi, senduð hingað með þóknanlegu brjefi, dags. 19. júní þ. á.. þar sem farþegar með póstskipinu »Thyra« á 2. ferð þess þ. á., sem á ýmsum viðkomustöðum þess á Íslandi hafa orðið að bíða eptir komu þess fram yfir þann dag, sem tiltekinn er í ferðaáætluninni, fara þess á leit, að þeim sje hjálpað til að ná skaðabótum hjá hinu sameinaða gufuskipafjelagi fyrir tjón það, er þeir hafi beðið af þessu, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, að ráðaneytið sjer sjer ekki fært, eptir samningi þeim, sem gjörður hefur verið við fjelag þetta um strandferðirnar við Ísland, að koma fram af hálfu hins opinbera neinni ábyrgð móti fjelaginu út af töfum þeim, sem hjer er um að ræða, og að álíta verður, að hlutaðeigendur sjálfir geti heldur ekki fengið framgengt kröfu um, að fjelagið bæti þeim þann halla, er þeir telja sig hafa orðið fyrir. Ef þeir samt sem áður vilja reyna að framfylgja slíkri kröfu, verða þeir sjálfir að leita úrskurðar dómstólanna.